



Hvað er kórónaveiran ?



Kórónaveiran er veira sem lætur fólki líða illa



Kórónaveiran er líka kölluð:

COVID-19 /Kórónaveiran



Þeir sem eru með kórónaveiruna eru með:




Þurrar hósta



Öndunarerfiðleika

Hita



Flestir með kórónaveiruna eru heima hjá sér þangað til þeim líður betur



Sumir með kórónaveiruna þurfa að fara á spítala til að lækna



Ég get komið í veg fyrir að dreifa sýklum með því að þvo mér vel um hendurnar með heitu vatni og sápu



Ég þvæ mér lengi um hendurnar, nudda þær allar vel og vandlega og skola svo vel

Ef ég get ekki notað sápu þá get ég notað spritt

Skólinn næstu vikurnar

Það eru allskonar breytingar út af kórónaveirunni

Til dæmis er skólinn allt öðruvísi en vanalega

Ég fer inn um inngang _____ klukkan _____ og er búinn í skólanum klukkan _____

Ég er alltaf í sömu stofunni allan daginn með bekknum mínum og sömu kennararnir kenna mér allan daginn

Enginn fer í sund  leikfimi  list og verk  eða á Sjónarhól.

Bókasafnið er lokað og hver bekkur er á sínu svæði í frímínútum

Ég þarf að vera fljót/ur að fara út úr skólanum þegar hann er búinn

Þetta er gert til að veiran dreifi sér ekki eins hratt um Ísland

Allir á Íslandi þurfa að gera hlutina öðruvísi og ég ætla að reyna að gera mitt besta

Eftir nokkrar vikur þá verður skólinn aftur eins og hann var áður



Ég ætla að leggja mitt af mörkum með því að vera dugleg/ur að þvo mér um hendur

Í skólanum ætlum við að reyna að vera róleg og gera eins og okkur er sagt

